



## Þingrof og nýjar kosningar, útvarpsumræða, 4. Febrúar.

Bjarni Benediktsson – Stjórnsmál – Þingrof – Kosninga – Sjálfstæðismenn – Kommúnista –  
Útflutningssjóður – Varnarsamningur – Norður-Atlantshafsráðsins

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

[bjarnibenediktsson.is](http://bjarnibenediktsson.is)

Einkaskjalasafn nr. 360  
Ræður  
Askja 4-2, Örk 5

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Bjarni Benediktsson

**Til athugunar.**

Pegar ræður á þingfundum hafa verið vélritaðar, verður hverjum þingmanni gerður kostur á að lita yfir ræður sinar, svo að hann geti leiðrétt, ef um misheyrn vélritara er að ræða, og komið á framfæri lagfæringum á málfari og framsetningu, enda raskist ekki efni. Handrit með árituðum breytingum skulu að jafnaði afhent lestrarsalsverði innan viku frá því að ræðan var lögð á bord þingmanns. Að öðrum kosti verður litið svo á, að ekki sé óskað að gera tillögur um leiðrétingar.

JóhH.

94. mál, Sp.Pingrof og nýjar kosningar, páltill. - Ein umr.(Útvarpsumræða).

Bjarni Benediktsson: Herra forseti. Menn hafa nú heyrt málflutning hæstv. ráðh. og vízt hafa þeir ekki sparað mörg orð. Hæstv. síðasti ráðh. talaði t. d. fullr 10 minútur fram yfir sinn tíma, en þrátt fyrir öllt fjölorðin, sem þeir hafa viðhaft, þá hafa þeir vandlega þagað um hina einföldu spurningu, sem þm. G.-K. bar fram, hvort þeir hafi staðið við þau loforð, sem þeir gáfu kjósendum fyrir kosningar eða ekki. Það var einföld spurning, sem hefði verið hægt að svara með einföldu orði, en þegar reynt er að komast fram hjá svo einfaldri spurningu með svo mörgum oróum, sem við nú höfum heyrta og innihaldslitlum, þá ber það sinn dóm í sér fólgjó sjálft. Átla mætti og að þeir ráðh., eins og hv. síðasti ræðumaður, sem segja nú fyrir fylgishrun Sjálfstfl., mundi með fögnuði ýta til nýrra kosninga og telja sig og sína afstöðu verða miklu styrkari, ef kjósendur veittu þeim aukið traust að einu ári liðnu, en það er eitthvað annað. Hæstv. forsrh. talaði svo hér, að við hefðum verið sviptir vældum og settir í stjórnarandstöðu um sinn. Það var ljóst að hann efaðist ekki

Öffnun fom. 6. febr.

um, hver ~~úrslitin~~ yrðu þegar gengið yrði til kosninga næst, hvort sem það verður skjótlega eða seint. Nú, ekki ætti að vera amalegt fyrir ríkisstj. að ganga til kosninga, þegar allar verðlækkanirnar fara að koma fram, sem Lúðvík Jósefsson var að segja <sup>her</sup> frá áðan og Gylfi P. Gíslason endurtók með þeirri mjög villandi frásögn af óþekkti skýrslu, sem hann var að lesa hér upp, en það er greinilegt að þeir óttast og vita að fólkid verður farið að finna um vornætur dálitla aðra raun af verðlaginu í landinu en þeir segja fyrir nú, og þess vegna kemur skjálftinn og óttinn við kosningarnar, sem við förum fram á. Við biðjum ekki um stjórnaraðstöðu eða völd án dóms kosninga. Við hirðum ekki um að vinna án kosninga með neinum af þeim flokki, sem nú er við völd. Við óskum eftir því einu að kjósendurnir fái að segja sinn dóm. Við kvíðum dómnum ekki. Þess vegna óskum við eftir þingrofi og nýjum kosningum, en kjósendur geta farið nærrí um af hverju hinir vilji forðast það umfram alla muni, og það er svona dálitið hjákátlegt þegar Gylfi Gíslason býsnast mjög yfir því að við höfum talið það einkennilegt að fá ekki að sjá dóm þeirra tveggja hagfræðinga, úttektina á þjóðarbúinu, sem ríkisstj. kvaddi til í s. l. október. Ríkisstj. hefur þó hann sjálfan, hálarðan prófessor í hagfræði innan sinna vébanda. Ætli það hefði ekki átt að gera henni nógu auðvelt um að semja efnahagsúrræðin. Engu að síður kveður hún two erlenda hagfræðisérfræðinga til <sup>og</sup> treystir sér ekki til að kveða upp sinn dóm eða semja sínar till. fyrr en þeirra álit liggi fyrir, en álitið er af einhverjum ástæðum þannig, að ekki aðeins við ~~þjálf~~ stæðis-

menn, heldur þjóðin öll eru dulin þess hvað í álitinu felst, en hitt vita allir, sem til mála þekkja og samninga lagafrv., að eins og nú er komið með þeim margþættu ákvæðum, sem þurfa að vera í sliku efnahagsfrv., sem hér var samb. á þemur dögum fyrir jól, þá er ómöglugt að ætlast til þess að það sé samið af neinum öðrum en þeim, sem hafa aðgang að fylstu upplýsingum og sérfræðilegum athugunum. Alveg eins og það væri fráleitt að krefjast þess að stjórnarandstaða leggði í heild fram fjárlagafrv. Það er fjmrh. einn og hans viðtæka starfsstofnun, sem það getur samið. Það er enginn vandi að semja gyllitillögur, falsfrv., eins og sumir aðrir hafa lagt sig niður við, en við sjálfstæðismenn kjósum ekki þá starfshætti.

Eins mætti ætla að hæstv. forsrh. væri ekki óánægður með að fá kosningar, eins og hann sagði að frammistaða okkar sjálfstæðismanna í varnarmálunum hefði sópað af okkur fylginu. Hví í ósköpunum vill hann þá ekki lofa kjósendum að kveða upp sinn dóm á næsta sumri, og það er einnig óþarf að eyða mörgum orðum um þá fjarstæðu, að við sjálfstæðismenn ættum að snúast við-til fylgis við hæstv. ríkisstj. vegna þess að í framkvæmd meginmála fari hún eftir stefnu okkar, en ekki ~~eft-~~  
~~þ~~ því sem stuðningsflokkar <sup>hennar</sup> lýstu yfir fyrir kosningar. Út af fyrir sig er rétt að ríkisstj. hefur <sup>um</sup> /margt brugðið frá þeim fyrirheitum, er hún hafði gefið og um sumt beitt sams konar úrræðum, sem flokkar hennar forðaðu meðan við sjálfstæðismenn fórum með völd, en þeir gerðu þetta út frá allt öðrum forsendum en við og með þeim hætti, sem sízt veður traust á framkvæmdinni, enda

fylgja

voru þessir flokkar ekki kosnir til að framkvæma þessa  
~~sinni~~  
 okkar stefnu, heldur ~~sinni~~, og vist er að ef okkar  
 stefna reynist hin rétta og jafnvel óumflýjanleg fyrir  
~~er~~  
 þá, ~~en~~ lyst höfðu sig henni andstæðasta, þá mun lands-  
 lýðurinn fremur treysta okkur til framkvæmdar hennar  
 en þeim, er ætið hafa barist á móti henni.

þeirri  
 Ég hirði heldur ekki um að svara þeim ásökun að  
 við sjálfstæðismenn unum okkur ekk án valdanna og í  
 ráðherrastólunum. Þenn þá síður kýs ég að svara fúkyrðum  
 hæstv. forsrh. Hann fór rétt með fatt. T. d. vissi hann  
 ekki hversu lengi Alþingi hefur setið að þessu sinni.  
 Ég segi ekki að hann segi rangt frá því vísvitandi. Ég  
 hygg hitt nær sanni að hann fylgist svo lítið með þm.  
 og þeirra ~~tíl-ögum-~~ tilveru, að hann hafi sagt þetta  
 í góðri trú. Öðru ósannindapexi hans hirði ég ekki ~~en~~  
 að svara, frekar en spjalli Lúðvíks Jósefssonar hér á  
 Alþingi um hæð kvensokka. Slikar orðræður kunna að  
 vera einhverjum til skemmtunar, en þær skyra ekki þann  
 eðlilega ágreining sem er um lausn vandamála þjóðfél-  
 agsins. Lýðræðispjóðfélag hvílir einmitt á því að sjón-  
 armiðin séu mismunandi, og þar með skoðanirnar margar  
 og ~~hín~~ rétta finnist einungis með því að sem flestir  
 beri ráð sín saman og að lokum verði það haft sem sann-  
 ast reynist. Enginn einn ~~sítkjalið~~ sitji inni alla með  
 alla speki eða hafi fundið algilda lausn allra þeirra  
 vandamála, sem við er að etja hverju sinni. Einræðis-  
 sinnar, svo sem kommúnistar, þykjast aftur á móti hafa  
 fundið slika allsherjarlausn stjórnmalanna og miðast  
 störf kommúnista í öllum löndum við þá kenningu. At-  
 burðirnir í Austur-Evrópu, ekki sízt Ungverjaland <sup>á</sup>

síðustu mánuðum, hafa sannfært menn um hversu langt er frá því að þessi allsherjarlausn hins visindalega sözialisma hafi lánast í framkvæmd. Fjarri fer að þetta sé eina allsherjarbjörgunarkerfið, sem sannað hefur haldleysi sitt. Sama gerðist á enn ~~áhrifalegri~~ hátt þegar þúsundára ríki Hitlers, sem hann hafði lofað einni mestu menningarþjóð heims, brann upp til agna eftir tæp 13 ár í þeim eldsloga, er einvaldurinn hafði sjálfur kveikt.

Öll mannleg reynsla sýnir að bezt fer á því - fyrir hvern og einn að beita nokkurri hógværð í dómum sínum og hegðun. Munurinn á skoðunum okkar sjálfstæðismanna og andstæðinga í efnahagsmálunum s. l. ár, hefur einmitt fyrst og fremst lýst sér í því að við sjálfstæðismenn höfum varað almenning við kenningunum um að endanleg lausn efnahagsmálanna eða varanleg úrræði þeim til bjargar væru auðfundin. Við höfum bent á, að þar sem annars staðar mundi etið nokkur vandi verða fyrir hendi og ný og ný úrlausnarefni skapast. Viss meginatriði yrði þó að hafa í huga, eins og atvinnuvegirnir gætu ekki látið af hendi meira en þeir öfluðu eða framleiddu. Ef þeir væru knúnir til þess að greiða meira eins og saman saman hefur ágerzt hér á landi hin síðari ár og fóru úr öllu hófi með verkfallinu mikla 1955, þá yrði með einu eða öðru móti að taka umframgreiðslurnar aftur af þeim, sem ofmikið höfðu fengið og láta það renna til atvinnuveganna á ný. Þangað til menn einföldu áttuðu sig á þessum undirstöðusannindum, yrði um að ræða stöðugar bráðabirgðaráðstafanir ofan á bráðabirgðaráðstafanir. Þegar svo er komið sem hér var eftir verkfallið mikla 1955 er einungis um þrjár leiðir að ræða til

að jafna metin, skatta eins og í fyrra og í miklu ríkari mæli nú, gengislækkun eða verðhjöðnun, sem fyrst og fremst lýsir sér í beinum kauplækkunum. Þetta er staðfeynd, sem ekki verður umflúin. Þessi íhaldsúrcæði, sem Hannibal Valdimarsson svo kallaði eins og frægt er orðið, verður að velja, af því að enginn annar kostur er fyrir hendi. Hvert þeirra er valið verður að miða við atvik hverju sinni og í sjálfu sér skiptir ekki öllu málum, hver aðferðin verður ofan á, ef því er fullnægt að undirstöðuatvinnuvegirnir endurheimta að lokum svo mikil að atvinnu verði haldið uppi stöðvunarlaust og menn skilji að raunverulega/ kjarabætur geta hér ekki orðið nema fyrir framleiðsluaukningu. Lausn efnahagsmálanna er nátengd lausn alls þjóðfélagsvandans, og þar tja engin töframeðul né gylliloforð, heldur vinna, framtak, frelsi og samstarf.

Fyrir kosningarnar töldu andstæðingarnar þessar kenningar vera hinar fjarstæðustu og hömruðu á þeim sem algeru úrræðaleyxi. Gagnstætt þeim vitnuðu þeir til hinnar fullkomnu endanlegu lausnar sem og varanlegu úrræða, sem þeir þóttust kunna full skil á. Til slikra úrræða sögðust þeir ætla að fá atþeina verkalyðsins. Höð mikla framlag Hermanns Jónassonar til stjórnarforystunnar átti að vera að tryggja þann atþeina. Æg skal sízt gerallitið úr nauðsyn þess að hafa fylgi verkalyðsins um lausn efnahagsmálanna. Gallinn er þó sá að verkalyðurinn er engin samstæð heild heldur sundurskildir einstaklingar, sem hver hefur sín kenningu um lausn þessara vandamála eins og annarra. Atla má að næst réttri skoðun verkalyðsins , svo mikill hluti

þjóðarinnar sem hann er, verði komist ~~vir~~ almenningar  
þingkosninga, þar sem þjóðarvilmjinn í heild lýsir sér .  
Auðvitað kemur þessi vilji einnig að nokkru leyti  
fram í verkalyðsfélögunum, en ekki nema að nokkru  
leyti vegna þess hvernig starfsemi þeirra og uppbygg-  
ingu er háttað. Land okkar er eitt þeirra fáu vestan  
járntjalds þar sem kommúnistar hafa náð úrslitaáhrifum  
í öflugustu samtökum verkalyðsins. Auðvitað beita komm-  
únistar því ofurvaldi í samræmi við sína sannfæringu  
þá, að núv. þjóðskipulag sé rotið og þurfi niðurriðs  
við. Þess vegna hefur íslenzku verkalyðshreyfingunni  
of oft hin síðustu ár verið ~~beitt til applausnar~~  
~~þjóðfélagsins, en ekki til framdráttar efnahagss~~

JóHn.

Sþ. 4. febr.  
24. f. G.

beitt til upplausnar þjóðfélagsins, en ekki til framdráttar efnahag og heildærhagsmunum félagsmanna þeirra.

Ég segi ekki, að þetta hafi verið gert í illri trú á forystumönnunum, heldur vegna þess að þeir mátu trúna á allsherjarhjálpræðið meira heldur en baráttuna fyrir daglegum hagsmunum verkalyðsins. Þetta afl og þess ar skoðanir eru fyrst og fremst valdandi þess ójafnvægis, sem orðið hefur í íslenzkum fjárhags- og efnahagslifi síðustu árin. Vissulega er erfitt að finna lausn á þessum vanda. Hún er hvorki einföld né fljót-fengin.

Auðvitað hafa ýmsir séð, að i þessu er hægt að viðhafa skottulækningu, sem ef til vill linar sárindin í bili, en læknar ekki nætt, t. d. að friða upplausnarmennina um sinn með vegtyllum og völdum, og þegar orðskrúðið er skafið af, þá er það sú leið, sem Hermann Jónasson valdi með myndun núv. hæstv. ríkisstj., en hver lækning er fólgin í sliku? Hitt er seinfarnara en óhjákvæmilegt, áður en yfir lykur, að freða hvern einstakan og þjóðina í heild um hið sanna samhengi hlutanna að kenna mönnum að sjá í gegnum slagorðin og hinar fölsku kenningar sem sumum þó er haldið fram í góðri trú.

Betri fræðslu og reynslu af ólíkum úrræðum læra  
hvað  
menn smám saman, ~~ef~~ hverjum einum er fyrir beztu.  
Stjórnvizkan ætti að vera fólgin í því að forða þjóð-inni frá þeim erfiðleikum, sem voru fyrirsjáanlegir,  
en oft er reynslan einasti skólinn, sem dugar, og svo virðist nú. Mennirnir, sem sögðust hafa allsherjarráð,

hafa nú á sex mánuðum sannað, að þeir kunna þau ekki eða gátu a. m. k. ekki komið sér saman um þau, þegar á átti að herða. Almenningur hefur ekki einu sinni fengið vitneskju um, hvernig hún leit út, sú úttekt þjóðarbúsins, sem sérstakir erlendir sérfræðingar voru fengnir til þess að gera, með aðstoð mikils hóps íslenzkra manna, og fram átti að fara fyrir opnum tjöldum. Árangur úttektarinnar var aðeins ráðstafanir, sem bera með sér keim enn þá meiri bráðabirgðaráðstafana heldur en nokkrar aðrar ráðstafanir, sem gerðar hafa verið í efnahagsmálunum fyrr eða síðar.

Í öllum þessum bráðabirgðaráðstöfunum er nú þó tvennt óhagganlegt. Annars vegar játningen á því, að kaupgjaldið sé of hátt og þess vegna þurfi að gera millifærzlu á fimm hundruð milljónum í þjóðarbúinu, eins og forsrh. segir, og hins vegar sá fyrirvari kommúnista, að jatning þessarar staðreyndar haldist af þeirra hálfu, einungis á meðan þeir sjálfir eru í ríkisstj. Þegar því sé lokið skuli gamli leikurinn hafin á ný. Vel má vera, — ja ég vil nú biðja hæstv. forseta afsökunar á því, hann sendi mér boð um það að tíminn sé liðinn, og ég hafði nú ekki ætlað mér að fara fram yfir hann, en <sup>eg</sup> notaði of langan tíma til þess að svara því, sem sá, sem talaði næst á undan mér, fór fram úr, og ~~vænæist-tíl~~ vonest ég því til að mér verði leyft að halda áfram, ef ég niðist ekki úr hófi fram á þolinmæði hæstv. forseta; skal lofa að ljúka málí minu eins fljótt og umsvifa-laust eins og ég hafði búið mig undir.

Það má vel vera, að annað hafi ekki verið framkvæmanlegt, en það hámark bráðabirgðaráðstafana, þem

ofan á varð, <sup>E</sup>n alla grg. vantar á um þörfina fyrir hinum gifurlegu skattaálögum, og sannleikurinn er sá, að enginn veit, hvað í raun og veru felst í lagáákvæðunum. Það er t. d. fyrst nú, sem sjútværh. upplýsir, að hann hafi gert mun betur við útgerðina en útgerðarmaðurinn Ólafur Thors hafi gert. Um þetta hefur ~~stjórnin~~ hingað til þagað. <sup>hversu</sup>, ~~hver~~ og það er einnig með öllu óvist, ~~hver~~ skattarnir eru miklir, þó að almenningur sé óvirtur með því að láta svo sem 250 millj. kr. í nýjum sköttum sé hætt að jafna niður á landslyðinn án þess að allur almenningur verði var við.

Þegar allt þetta kemur til, þá er eðlilegt, að ýmsum finnist <sup>is</sup> fátt um, ekki sízt þegar við bætist, að þeir sem verið er að gera gélur við með öllu þessu, yfirráðamenn Alþýðusambands Íslands og Dagsbrúnar, láta þau ummæli fylgja, að þeir setti sig við þetta aðeins þangað til þeir sjá, hverju fram vindur, ef þeim þykir ekki þá sín leið opin, þ. e. a. s. verkföll, nýr ófriður, ekki gegn atvinnuvegunum einum, heldur þjóðfélaginu í heild.

Þegar allt þetta er hugleitt, þá er árangurinn sannarlega harla rýr og verri en það, því að til þess að ná honum hefur þurft að leita um úrslitaráðin um málezni þjóðarinnar út fyrir hina fornhelgu sali Alþingis íslendinga á þær slóðir, þar sem ofureflis-menn, fullir af úreltum erlendum vinnaukennungum, hafa öll ráð, <sup>Skapad</sup> skap er það fordæmi að láta ofbeldið eða hót-anir um það ráða úrslitum, í stað þess að efla lýðræðið og þá hollustu við þjóðfélagið, sem ein leiðir til farsældar, þegar til lengdar lætur. Hér kemur og til, að

~~GTH~~  
alþjóð

[alltjóð] veit, að þannig stendur nú á fyrir kommunistum, að þeir áttu ekki margra kosta völd. Atburðarásín hefur gert að verkum, að þeir óttast mjög sundrung flokksins og algera einangrun. Um það þarf ekki að leiti vitnis Átjórnarandstöðunnar. Þetta hafa stjórnarblöðin, Tíminn og Alþýðublaðið, hvað eftir ítrekað á undanförnum mánuðum. Þess vegna var það, að kómmúnistar félust á að fresta um sinn lausn þess málss, er þeir ætið hafa talið mest um vert, sem sé brottför varnarliðsins frá Íslandi, en í áramótablaði sínu töldu þeir það vera mikilvægasta verkefnið. Þeir skýra sjálfir samþykkt frestunarinnar svo í Pjóðviljanum hinn 24. janúar:

### Alþýðubandalagis

"Þótt Alþýðu hafi staðið að frestun á viðræðum um brottför hersins, vegna þess að hinir stjórnarflokkarnir voru ekki andlega undir það búnir, eins og á stóð í nóvembermánuði s.l., er afstaða þess gersamlega óbreytt".

Svo mörg eru þau orð, en getur nokkur firrt sjálfan sig ábyrgð með því einu, að félagar hans séu ekki andlega undir það búnir að gera rétt, <sup>2</sup> og ef það er satt, að þeir ætli að láta framkvæmd loforðanna vera komna undir andlegum undirbúningi samstarfsmanna sinna, fær það þá staðiz, að afstaða Alþýðubandalagsmanna sjálfra sér gersamlega óbreytt? Þeir hafa raunar svarað þessari spurningu, með því að hverfa frá framkvæmd ályktunarinnar frá 28. mars s.l.

En þeir láta svo, að skyggi aðeins skamma stund, og áramótagrein Pjóðviljans lyktar svo:

"Það er stefna og loforð stjórnarinnar, að herinn verði láttinn hverfa af landi brott <sup>a árinu</sup> og ~~árið~~ 1957 verður að breyta því fyrirheiti í framkvæmd."

Svo mörg eru þau orð. Þen i sama tölvublaði Þjóóviljans segir Hannibal Valdimarsson á þessa leið:

"Sú stefna fær nú öflugan stuðning verkamannaflokksins brezka, sem berst af þrótti fyrir því, að allir erlendir herir verði sem fyrst látnir víkja úr Vestur-Evrópu. Fari svo, að þessi stefna sigri, sem ekki er ólíklegt, einkum þar sem flest bendir nú til, að jafn-aðarmenn í Vestur-Þýzkalandi og Bretlandi taki við völdum, áður en langir tímar líða, þá yrði Rússum ekki lengi stætt á því að hafa áfram setulið í löndum Mið- og Austur-Evrópu. Þetta allt skyldu menn hugleiða, og þá munu þeir sannfærast um, að ástæðulaust er að óttast ævarandi hersetu á Íslandi. Útlitið er þrátt fyrir alla skugga og hryðjur haustsins bjartara í þessumálum um þessi áramót en það hefur verið um langan tíma áður."

Þetta sagði Hannibal Valdimarsson, og Lúðvík Jósefsson var litlu skeleggari hér áðan.

Eftir þessum nýju yfirlýsingum er það bá orðið háð brottför allra erlendra herja úr gervalli Evrópu, að fylgja eigi eftir brottflutningi varnarliðsins frá Íslandi. Einhvern timar ~~þá~~ hefðu kommúnistar talið, að ekki væri bjart framundan í þessum málum, ef herinn ætti að sitja á Íslandi, þangað til þessu væri fullnægt. Hingað til hefur verið sagt, að við ættum að vera hin mikla fyrirmynnd. Nú eigung við að lalla allra síðastir á eftir.

Málgagn sjálfss forsrh. fer og ekki dult með þaðóðru hvoru, að nú eigi ekki að veikja varnirnar heldur styrkja þær, svo sem hinn 15. janúar, þegar talað er um, berum orðum, að sameiginlegar varnir eigi að treysta.

Að visu birtir Timinn alltaf öðru hvoru ummæli þvert ofan í petta, svo sem á þrettándanum, en ekki gerir það mális ljósara. Þekki heldur sú ákvörðun utanþrh. að gera nú talsmann kommúnista ~~þ~~<sup>í</sup> utanríkismálum á Alþingi, Finnboga Rút Valdimarsson, að fulltrúa Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum. Petta er gert þvert ofan í allar fullyrðingar um, að kommúnistum verði alveg haldið utan við meðferð utanríkismálanna.

Það, sem hér skiptir máli, er, að enginn veit, hver hin raunverulega stefna hæstv. ríkisstj. í varnarmálum eða utanríkismálunum yfirleitt er. Stjórnin hefur að visu rofið sín fyrri fyrirheit. Það er aðvissu leyti góðra gjalda vert, af því að þau fyrirheit horfou þjóðinni til ills, en ~~þ~~<sup>í</sup>slenzka ríkisstjórnin var eina stjórn Atlantshafsrikis, sem t.d. í ágúst s.l. taldi ástandið í heimsmálum slikt, að hér mætti slaka á vörnum. Síðari atburðir urðu einungis til að bjarga henni frá því að gerasig að heimsviðundri, enda er fram komið innan lands og utan, að stjórnin hefur fengið sitt endurgjald. "Ísland lætur borga sér vel," var nýlega sagt í þýzkublaði um varnarsamninga ríkisstj. við Bandaríkjumenn. Þannig fer, þógar hentistefna er látin ráða, loforð eru gefin, sem ekki er hægt að standa við, hróþyrði eru notuð í stað raka, valdabarátta í stað leitar að raunverulegum vanda þjóðfélagsins.

Íslenzka þjóðin á kröfu til, að forustumenn hennar skýri frá vandanum eins og hann er, hverju sinni, reyni að ráða bót á honum í samræmi við fyrirheit sín, en leyfi þjóðinni sjálfri að dæma um, ef forsendur bregðast eða atvik breytast svo, að algerð stefnubreyting verður ekki umflúin.

Við sjálfstæðismenn teljum, að nú standi svo á, og  
þess vegna höfum við borið fram þá till., að þjóðin  
fái sjálf að skera úr um örlög sín.

Þakka fyrir. Góða nótt.